

Ársskýrsla 2014



Ársfundur 3. júní 2015

Efnisyfirlit

Starfsárið 2014	3
Fjármögnun og rekstur	4
Stjórnun Starfsmenntar	5
Starfsmannahald og starfsþróun	5
Nám og þjónusta	5
Samstarfsaðilar	6
Starfstengdar námsleiðir	7
Almenn námskeið og tölvunám	10
Ráðgjöf og þróunarverkefni	12
Náms- og starfsráðgjöf	14
Lokaorð	15
Skráningar á námskeið 2014	16

Starfsárið 2014

Fræðslusetrið Starfsmennt sér um starfstengda símenntun og starfsþróunarverkefni opinberra starfsmanna. Setrið var stofnað árið 2001 og er í eigu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarfélaganna innan BSRB. Hlutverk þess er að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum starfsfólks með starfstengdri fræðslu og ráðgjöf. Þjónustan er því félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu sem hluti af kjarasamningsbundnum réttindum. Til að auðvelda aðgengi annarra að þjónustunni og tryggja góða nýtingu náms þá hafa verið gerðir samstarfssamningar við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði annarra aðila á vinnumarkaði, þannig að nám nýtist þvert á stofnanir, starfsgreinar og kerfi.

Starfsárið 2014 var umfangsmesta ár setursins frá upphafi með útgjöld rúmlega 135 milljónir og rekstur í jafnvægi. Langstærsti hluti tekna Starfsmenntar kemur frá ríkissjóði, stofnunum og þróunar- og símenntunarsjóði SFR. Sértekjur setursins vegna námskeiðsgjalda og samstarfsverkefna voru tæplega 17 milljónir en aðeins árið 2012 voru þær hærri. Verkefnatekjur frá Fræðslusjóði standa þar fyrir utan í tæpum 11 milljónum, sem greitt er fyrir vegna framkvæmdar starfsnáms stuðningsfulltrúa, náms- og starfsráðgjafaviðtala og raunfærnimatsverkefna. Skráningum í nám fækkaði lítillega á milli ára og fóru úr 2518 í 2271. Sú fækkun skýrist að hluta til af því að aðsókn í styttri námskeið hélt áfram að dragast saman um leið og meiri áhugi var fyrir lengri námsleiðum, eininga- og starfsnámi. Stórar námsleiðir stofnana og starfsgreina voru vel sóttar s.s. nám fyrir starfsfólk sem vinnur í íþróttamannvirkjum, á flugvöllum, skrifstofum, spítölum, afgreiðslu- og eftirlitsstofnunum. Þá sinntu launafulltrúar, félagsliðar og bókarar vel sinni símenntun og farandfyrirlestrar sem stofnanir óska eftir héldu sínu. Þátttaka í almenn og opin námskeið tók vel við sér um haustið og voru flest auglýst námskeið haldin. Um 60% námsmanna í öllu námi Starfsmenntar eru félagsmenn í SFR og 15% standa utan stéttarfélaganna í heildarsamtökum BSRB. Þá voru 189 náms- og starfsráðgjafaviðtöl tekin árinu þar sem SFR félagsmenn voru 78% en 60% allra ráðþega voru atvinnuleitendur í stéttarfélögum innan BSRB.

Sérnsiðið vinnutengt nám hefur verið umfangsmesta þjónusta setursins en einnig hefur verið lögð áhersla á þróunarvinnu með margvíslegu samstarfi og verkefnavinnu. Setrið tók þátt í stefnumótandi umræðum um framhalds- og fullorðinsfræðslu m.a. vegna kerfis- og skipulagsbreytinga og örrar þróunar upplýsingatækni í námi. Stærstu samstarfsverkefni vörðuðu íslenskan hæfniramma náms og starfa með áherslu á námslok, námslýsingar og mat á óformlegu námi og starfsreynslu. Þá tók setrið þátt í verkefnahópi viðsemjenda á vinnumarkaði um annarsvegar þróun námskeiða um vaktavinnu og lýðheilsu og hinsvegar framkvæmd starfsnáms stuðningsfulltrúa, eftir að málaflökkurinn var færður frá ríki til sveitarfélaga. Einnig var unnið að endurskoðun námsleiða, námskráa og samninga og farið í árlega úttekt á gæðakerfi. Starfsmennt tók þátt í umfangsmiklu samstarfsverkefni heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda um þróun og utnumhald náms til að auðvelda innleiðingu jafnlaunastaðals hjá stofnunum og fyrirtækjum. Á árinu var undirrituð samstarfsyfirlýsing stjórnvalda og aðila vinnumarkaða þar sem Fræðslusetrinu Starfsmennt var falið að halda utan um námskeið um jafnlaunavottun og tryggja þannig aðgengi allra að fræðslu, námsefni og ráðgjöf.

Unnið var að nokkrum raunfærnimatsverkefnum s.s. með verðandi félagsliðum, rannsóknatæknum, tanntæknum og skrifstofumönnum í opinberri stjórnsýslu. Þau verkefni voru styrkt af fræðslusjóði. Evrópsku raunfærnimatsverkefni til tveggja ára lauk á árinu með rafrænni uppsetningu á almennri starfshæfni út frá skrifstofu- og sérfræðingsstörfum. Þá var ráðist í gerð nýrrar vefsíðu setursins og námskerfis, því hýsingarfyrirtæki til margra ára hætti störfum. Eftir ítarlega undirbúningsvinnu var leitað tilboða hjá fjórum aðilum og samþykkt að taka tilboði Advania. Sú þróunarvinna stóð yfir allt árið og gefur fyrirheit um bætta þjónustu við stofnanir og starfsmenn ríkisins.

Sex stöðugildi voru hjá setrinu allt árið en það byggir starfsemi sína á tengslaneti verktaka, sérfræðinga, símenntunarmiðstöðva, endurmenntunarstofnana og skóla. Stofnunum var boðið upp á mannauðsþjónustu til að fylgja eftir niðurstöðum yfirgripsmikilla kannana síðasta árs og þannig reynt

að ná betur til stjórnenda. Mannauðsráðgjafar setusins sinntu þeirri ráðgjöf sem og utanaðkomandi sérfræðingar. Helstu verkefni voru þarfagreiningar fræðslu, gerð fræðslu- og starfsþróunaráætlana, uppsetning farandfyrirlestra, vinnustaðargreiningar og hæfnigreiningar starfa. Ljóst er að framundan eru margar áskoranir á sviði menntunar og mannauðstjórnunar og að leita þarf nýrra leiða til að ná enn betur til markhópsins. Sú vinna þarf að haldast í hendur við áherslur mannauðsmála hjá ríkinu og raunhæfar starfsþróunarleiðir starfsmanna. Fagleg þekking starfsmanna setursins, öflugt námskerfi og rafræn umsýsla náms býður upp á mörg tækifæri til að halda utan um þekkingaröflun og þróun starfa. Mikil gerjun er framundan í starfstengdri símenntun og starfsþróun opinberra starfsmanna þar sem vinnustaðirnir eru orðnir afar mikilvægur vettvangur náms og hæfniuppbyggingar starfsfólks. Símenntun og stöðug þekkingarleit gegnir stóru hlutverki í nútímastarfsumhverfi og setrið hefur alla burði til að vera þar framsækið afl breytinga sem styður við námsmenningu og gæðastarf stofnana.

Fjármögnun og rekstur

Útgjöld ársins 2014 hækkuðu á milli ára um 23% og voru kr. 135.945.745. Heildartekjur ársins voru kr. 132.118.524 og er rekstrarhalli því kr. 4.338.796. Hrein eign í árslok var kr. 21.819.170. Tekjur frá stofnaðilum hækkuðu milli ára og námskeiðs- og verkefnatekjur jukust um 37%. Sú aukning sýnir vel þær sveiflur sem geta verið á milli ára í verkefnum setursins. Framlög úr fræðslusjóði sem setrið fær vegna sérstakra verkefna hækkuðu einnig úr rúmum 7 milljónum í tæpar 11 milljónir. Sex stöðugildi voru hjá setrinu allt árið. Hlutfallslega skiptingu rekstrargjalda og þróun á milli ára má sjá á töflu fyrir neðan en útgjöld vegna náms og þjónustu minnkuðu hlutfallslega á árinu um leið og launakostnaður jókst.

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Launakostnaður	37,7%	34,6%	28,8%	27%	21%	23%	22%	18,5%
Annar rekstrarkostnaður	18,8%	20,1%	17%	17%	15%	17%	14%	14,6%
Nám og þjónusta	43,5	45,3%	54,2%	56%	64%	60%	64%	66,9%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall framlaga og tekna setursins má sjá í næstu töflu ásamt samanburðartölum síðustu ára:

Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Framlög skv. skilagreinum frá stofnunum	46,4%	59,4%	45,7%	50%	49%	53,2%	65,3%	53,5%
Þróunar-og símenntunarsjóður SFR	30,2%	18,2%	23,7%	22%	33%	33,2%	28%	38,5%
Þróunar-og símenntunarsj. Bæjarstarfsmannf. hjá ríkinu	1,8%	1,6%	1,4%	2%	4%	3,1%	4%	3,3%
Námskeiðsgjöld og styrkir	13,4	13,4%	16,2%	15%	10%	10,5%	2,7%	4,7%
Framlög úr Fræðslusjóði	8,2%	7,4%	13%	11%	4%	-	-	-
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns. Á árinu 2014 hætti Ágústa H. Gústafsdóttir í stjórn og var Ásgeir M. Kristinsson skipaður í hennar stað. Stjórnin er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélagunum og hinsvegar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannabjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu)
- Ásgeir M. Kristinsson (Fjársýsla ríkisins)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannabjónustu)
- Einar Mar Þórðarson (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu og þar af tvo með varamönnum og gestum. Ársfundur var haldinn 4. júní með varamönnum og annar sameiginlegur fundur stjórnar og varamanna var haldinn 16. desember.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir. Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.


Starfsmannahald og starfsþróun

Sex starfsmenn störfuðu hjá setrinu allt árið. Verkefnum er skipt á tvö starfssvið sem skarast oft í sameiginlegum verkefnum með myndun teyma. Skrifstofustjóri og tveir verkefnastjórar þróa og halda utan um nám á fræðsluviði, þær Björg Valsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Sólborg Alda Pétursdóttir. Ráðgjafarnir Marta Gall Jørgensen og Sverrir Hjálmarsson sáu um mannauðsþjónustu til stofnana á ráðgjafasviði. Starfsfólk sótti námskeið sem nýttist starfsþróun þeirra og féllu að stefnu og framtíðarverkefnum setursins. Þar sem nýr vefur var í smíðum á árinu sóttu verkefnastjórar námskeið um starf vefstjórans, rafræna markaðsetningu og tengingu við önnur forrit. Þá voru fjarfræðsluerindi Leiknar, þjálfun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og norræna samstarfsaðila notuð vel og ráðstefnur um fullorðinsfræðslu, raunfærnimat og íslenskan hæfniramma menntunar sótt af öllum. Innleiðing nýrra verkefna krafðist einnig aukinnar þekkingar sem aflað var á sérsniðnum námskeiðum og innan samstarfsverkefna. Mannauðsráðgjafar sóttu námskeið um hæfnigreiningar starfa og mannauðsdaga mannauðsstjóra hjá fyrirtækjum og stofnunum. Námsráðgjafar tóku þátt í samstarfsneti og vinnudögum ráðgjafa símenntunarmiðstöðva um allt land. Framkvæmdastjóri sótti nokkra morgunverðafundi Félags forstöðumanna og námskeið innan Forystufræðslunnar.

Nám og þjónusta

Námi Starfsmenntar má skipta í fernt. Stærsti hluti starfseminnar er starfstengdar námsleiðir stofnana sem byggja á námslýsingum sem setrið vinnur með starfsfólki og stjórnendum. Þá er boðið upp á almenn þverfagleg námskeið sem opin eru öllum og efla alhliða og algenga starfshæfni. Einnig er boðið upp á stutt, snörp og sérsniðin námskeið sem stofnanir geta óskað eftir í formi farandfyrirlestra, hvar og hvenær sem er. Þar má velja úr öllum námskeiðstitlum setursins. Setrið greiðir einnig leið félagsmanna aðildarfélaga í starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra. Þau námsverkefni eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð Kópavogs-Garðabæjar- Suðurnesja. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði á almennum vinnumarkaði s.s. Ríkismennt, með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að samnýta nám.

Hlutfallslega skiptingu þjónustuliða setursins má sjá á mynd hér fyrir neðan. Starfstengdar námsleiðir stofnana eða starfsgreina hafa alltaf verið stærsti þjónustuliðurinn með 50-60% hlutdeild. Það hlutfall lækkar lítillega á árinu um leið og almenn þverfagleg námskeið og fjarkennt tölvunám sækja aftur á. Bein útgjöld vegna mannauðsráðgjafar minnka á milli ára m.a. vegna þess að ráðgjafar Starfsmenntar tóku í meira mæli að sér verkefni í stað utanaðkomandi verktaka.




Samstarfsaðilar

Starfsmennt vinnur með fjölmörgum aðilum að framkvæmd náms til að mæta nýjum áherslum og takast á við breytingar í starfsumhverfi markhópsins. Leitast er við að finna námsverkefnum sem skilvirkasta framkvæmd og því samið við fræðsluaðila, skóla, símenntunarmiðstöðvar og sérfræðinga um allt land til að halda utan um og tryggja gæði náms. Þetta tengslanet ásamt öflugum námsvef Starfsmenntar gera það að verkum að hægt er að bjóða upp á starfstengda fræðslu í héraði og jafnvel beint heim í tölvu og vinna þannig gegn búsetu sem hindrun í námi. Starfsmennt leggur áherslu á að stækka og efla tengslanet sitt með það fyrir augum að finna og nýta krafta fjölmargra sérfræðinga á sviði kennslu og ráðgjafar, til að koma til móts við örar breytingar og auknar kröfu sem gerðar eru til starfsfólks. Setrið vinnur líka með ytri hagsmunaaðilum að þróun og mótun stefnu í fullorðinsfræðslu s.s. öðrum fræðsluaðilum, fræðslusjóðum, sveitarfélögum, ráðuneytum og stéttarfélögum.

Til að auka sýnileika setursins, bæði meðal markhópsins og samstarfsaðila, stendur setrið fyrir öflugum kynningarstarfi s.s. með útgáfu námsvísa, vefréttabréfa, einblöðunga, auglýsinga og markhópapósta. Einnig er starfið kynnt á ráðstefnum, málþingum og með þátttöku í stefnumótandi verkefnum. Á árinu var fundað með aðildarfélögum Starfsmenntar innan BSRB og farið yfir stöðuna. Einnig voru haldin erindi á þingum og ráðstefnum s.s. á málþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og meðal mannauðsstjóra hjá ríkinu.

Nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en tæp 20% þátttakenda eru utan aðildar og greiða því gjöld. Hlutfallsleg skráning í nám eftir stéttarfélögum hefur verið svipuð milli ára eins og má sjá á næstu síðu.

Hlutfallsleg skráning eftir stéttarfélögum 2014

**Starfstengdar námsleiðir**

Starfstengdar námsleiðir og sérsniðið nám fyrir stofnanir og starfsgreinar eru og hafa verið stærsti hluti þjónustunnar. Setrið býður stofnunum og starfshópum sérsniðnar námsleiðir og námskeið eða styrkja félagsmenn í formlegt starfsnám á vegum viðurkenndra fræðsluaðila og framhaldsskóla. Stofnanaskólarnir byggja á námskrá sem unnin hefur verið eftir ítarlega greiningarvinnu út frá fræðsluþörf, starfsmarkmiðum og stefnu stofnana. Stýrihópar ákveða framkvæmd námsins en þar eiga sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Vefkerfi Starfsmenntar er nýtt við skráningar, samskipti, upplýsingamiðlun og vistun námsgagna. Þátttökuskjöl og þjónustukönnun eru einnig sett fram rafrænt innan námskerfisins en nám er ýmist haldið hjá fræðsluaðilum, skólum eða á vinnustöðum. Eftirfarandi nám ætlað stofnunum og starfsgreinum var í boði á árinu:

Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Félagliðabruin er eitt af stærstu námsverkefnum Starfsmenntar en námið er haldið í samstarfi við Borgarholtsskóla og þrjár símenntunarmiðstöðvar. Námið er ætlað nemendum 22 ára og eldri með a.m.k. 3 ára starfsreynslu og hafa lokið 240 stunda starfstengdu námi. Kennt er staðbundið og í dreifnámi. Starfsmennt greiðir innritunar- og einingagjöld fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og er með sérstaka samstarfssamninga við Mannauðssjóð Kjalara, Samflots, KSG og Ríkismennt/Sveitamennt. Um 60 manns stunda nám á hvorri önn í gegnum Starfsmennt.

Starfstengd símenntun félagsliða

Starfsmennt hefur unnið með félagliðum að hönnun og framkvæmd styttri starfstengdra námskeiða sem taka á nýjungum í starfi. Á árinu var boðið upp á eitt námskeið um viðhorf, virðingu og fjölbreytileika, sem haldið var í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og fjarkennt beint heim í tölvu.

Félagliðar- viðbótarnám

Þetta einingarnám er samstarfsverkefni Starfsmenntar og Borgarholtsskóla. Um er að ræða viðbótarnám fyrir félagliða sem vilja styrkja faglegan grunn og undirbúa sig fyrir frekara nám. Námið er 36 einingar og var námskráin skrifuð af Starfsmennt, Borgarholtsskóla, fagfélagi félagliða og

hlutaðeigandi stéttarfélögum. Boðið var upp á þrjá áfanga á hvorri önn sem 18 manns völdu úr og Starfsmennt greiddi miðað við þreyttar einingar.

Félags- og tómstundabré

Félagsmenn aðildarféлага og samstarfssjóða geta sótt nám í félags- og tómstundafræðum í samstarfi við Borgarholtsskóla. Námið er 34 einingar og kennt í dreifnámi á fjórum önnum. Námið er ætlað starfsfólki sem sinnir tómstundastarfi með börnum, fötluðum, sjúklingum eða öldruðum. 10 manns sóttu námið á vegum Starfsmenntar á árinu.

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Brúarnámið er fyrir verðandi heilbrigðisritara í samstarfi við Fjölbautarskólann við Ármúla og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Námið er 35 einingar og stunduðu þrjár einstaklingar námið í gegnum Starfsmennt. Reynt hefur verið að auka þátttökuna í samstarfi við heilsugæslur en án árangurs.

Fríhafnarskólinn – nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum

Fríhafnarskólinn er nám fyrir starfsfólk Fríhafnarinnar sem gerður hefur verið sérstakur námssamningur við í gegnum kjarasamninga. Námskeiðin eru upprunalega þróuð af Starfsmennt, Isavia, SFR og Félagi flugmálastarfsmanna en þau eru uppfærð reglulega. Námsleiðinni er skipt upp í 30-40 stunda lotur og voru þrjár lotur kenndar á árinu. Annarsvegar 40 stunda námskeið um Gildi, þjónustuloforð og vinnuþvingu sem um 115 manns sóttu. Hinsvegar var tölvufærni eflað í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Á haustönninni var heilsuefning og vellíðan í starfi tekin fyrir í samstarfi við Isavia.

Forystufræðslan

Forystufræðslan, námsleið hönnuð fyrir starfsfólk og stjórnir stéttarféлага ASÍ og BSRB, hélt áfram á þessu ári. Framkvæmd var með þeim hætti að Starfsmennt og Félagsmálaskóli alþýðu héldu utan um námskeiðin í sameiningu og var skráningar- og umsýslukerfi Starfsmenntar nýtt. Fjöldi námskeiða var í boði en einungis tókst að halda námskeið á höfuðborgarsvæðinu og stóð Félagsmálaskólinn straum af öllum beinum kostnaði.

Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ

Launaskólinn er námsleið fyrir launafulltrúa og aðra sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Námsleiðin er 84 stundir, skipt í fjögur þemu. Námið var þróað í samstarfi Starfsmenntar við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið og SFR. Þrjár námslotur voru haldnar á árinu og þar af ein fjarkennd og voru þátttakendur frá 13 til 28 manns. Fundað var um áframhaldandi þróun námsins en fyrirhugað er að bæta við námsþáttum til að námið nýtist fleirum en þeim einum sem vinna við launavinnslu.

Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðissviði

Heilsa er námsleið sem hönnuð var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Einstaka námsþættir úr námskránni hafa verið nýttir og uppfærðir sem farandfyrirlestrar á heilsugæslustöðvum. Starfsfólki í framlínustörfum var boðið upp á starfstengda ensku þar sem fagorðaforði og talmál var æft.

Járnsíða- námsleið fyrir starfsfólk sýslumannsembætta

Tvö námskeið voru haldin innan Járnsíðu á árinu. Annarsvegar 14 stunda námslota þar sem farið var yfir reglur um ökuskipteini. Námskeiðið var haldið í Reykjavík og ferðakostnaður greiddur fyrir þátttakendur þar sem fjarkennsla hentaði ekki fyrir svona yfirlýsingum verkefni og þjálfun í kerfum. Hinsvegar námskeið um starfsanda og samstarfsvilja hjá sýslumanninum á Blönduósi. Námsleiðin hefur hvorki verið vel nýtt né uppfærð í nokkur ár m.a. vegna anna hjá embættunum.

Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Skil er námsleið fyrir starfsmenn á innheimtu- og afgreiðslusviði tollstjóra. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir og skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val. Boðið var upp á fjögur námskeið á árinu fyrir starfsfólk á innheimtusviði sem voru vel sótt og haldin hjá embættinu.

Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut, bæði í fjar- og staðnámi, í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Náminu er ætlað að efla almenna og sérhæfða færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna og er um að ræða 33 eininga nám sem skiptist á þrjár annir. Námið er afar vel sótt og eitt af stærstu samstarfsverkefnum Starfsmenntar. Setrið býður einnig upp á raunfærnimat inn á námsbrautina fyrir starfsfólk með langa starfsreynslu af skrifstofustörfum. Um 30 manns stunduðu námið á hvorri önn og greiðir Starfsmennt fyrir fjölda eininga.

Sóttthreinsitækna

Starfsmennt tekur þátt í samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Ármúla og Landspítalans um starfstengt nám fyrir sóttthreinsitækna. Um er að ræða brúarleið fyrir fullorðna starfsmenn sem fá starfsreynslu og óformlegt nám metið til styttingar á nýrri námsbraut sóttthreinsitækna. Námið hófst á haustönn og greiddi Starfsmennt götu 18 félagsmanna í námið.

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða tvær stórar námsleiðir sem Starfsmennt býður upp á og hefur Framvegis séð um framkvæmdina á annarsvegar 162 stunda grunnnámi og hinsvegar 84 stunda framhaldsnámi. Þátttaka í námið var dræm á árinu m.a. vegna þess að málaflokkurinn var nýlega færður frá ríki til sveitarfélaga án þess að menntunarleg ábyrgð hafi verið nægilega skilgreind. Unnið var að því að kynna námið meðal sveitarfélaga og fara yfir hvernig styðja megi starfsfólk til náms. Starfsmennt tók þátt í bókunarvinnu í kringum kjarasamninga til að kynna námið meðal stjórnenda heimila og íbúðakjarna.

Tryggingastofnun ríkisins

Starfsmennt hefur lengi haldið utan um starfstengda fræðslu í samstarfi við Tryggingastofnun og er reglulega boðið uppá fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn. Boðið var upp á námskeið um þjónustustjórnun, samvinnu og samskipti og jafnvægi í starfi og einkalífi.

Viðurkenndur bókarí

Starfsmennt greiðir þátttökugjöld félagsmanna sem sækja nám fyrir Viðurkennda bókara. Um er að ræða undirbúningsnám fyrir próf til viðurkenndra bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins. Aðildarfélagar gátu valið á milli þess að sækja námið hjá Menntaskólanum í Kópavogi, Endurmenntun Háskóla Íslands eða Háskólans í Reykjavík en hægt er að velja milli mismunandi kennslufyrirkomulags hjá þeim. Þátttaka var mjög góð eða 32 manns og mikill áhugi á náminu.

Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun nýtir sér þjónustu Starfsmenntar með því að styðja við sitt starfsfólk til að sækja skrifstofubrautarnám í gegnum Starfsmennt og nýta sér stutt fræðsluinnlegg inn á vinnustað. Á árinu var fjallað um Stjórnun streitu og álags í Reykjavík og á Skagaströnd.

Vísdomur – námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla

Vísdomur er starfstengd námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla og byggir á þarfagreiningu meðal embættanna sem fór fram fyrir nokkru. Námið hefur verið í endurskoðun og nýir námsþættir bættust við sem kenndir voru á árinu, m.a. með fjarkennslu til embætta á landsbyggðinni. Fjallað var um textagerð og svörun erinda, heilsuefningu og vellíðan, skjalastjórn og þrjú sérhæfð námskeið um lögfræðileg málefni.

Þjóðskrá

Þjóðskrá nýtti sér námsþjónustu Starfsmenntar í kjölfar ráðgjafaverkefnis. Stofnunin tók fyrir starfsmannasamtöl og þjónustustjórnun í Reykjavík og á Akureyri með öllum starfsmönnum.

Þróttur – námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja

Námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja var hönnuð í samstarfi við KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu og Akureyrabæ. Námskráin telur 150 stundir. Boðið var upp á tvær námslotur á árinu. Um vorið var kennd námslota um Samskipti, vinnuumhverfi og vellíðan og um haustið 24 stunda námskeið um Öryggi, forgang og faglega nálgun. Báðar námsloturnar voru kenndar tvisvar til að allir starfsmenn gætu nýtt sér þær.

Önnur stofnananámskeið

Nokkrar aðrar stofnanir óskuðu eftir stuttum og sérsniðnum námskeiðum inn á vinnustað. Fjármálaeftirlitið fékk þjónustustjórnunarnámskeið heim í hús og Sjúkratryggingar óskuðu eftir námskeiðum um þjónustu- og streitustjórnun. Þá voru haldin starfsmannasamtalanámskeið samhliða ráðgjafaverkefnum og samskipta- og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir lögreglukonur og Kópavogsbæ. Samdráttur var í eftirspurn eftir námskeiði um starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Almenn námskeið og tölvunám

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum þvert á stofnanir og starfsgreinar. Um er að ræða námskeið sem efla almenna starfshæfni og koma til móts við auknar kröfur á vinnumarkaði. Ýmis námskeið eru í boði um stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts sem grunn að góðum samskiptum og sérhæft stjórnunarnám. Þá eru í boði um allt land tíu titlar fjarkenndra tölvunámskeiða þar sem kennt er á helstu forrit.

Enska fyrir atvinnulífið

Starfsmennt hefur boðið upp á 20-30 stunda starfstengd enskunámskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar þar sem raðað er í hópa eftir getu og áhugasviði. Kennt var staðbundið á fjórum stöðum á landinu og greiddi Starfsmennt þátttökugjöld sinna félagsmanna og sér um skráningu og utanumhald. Setrið býður stofnunum einnig upp á sérsniðið enskunám þar sem áhersla er lögð á fagorðaförða stofnana og æfingu í talmáli. Nokkrar stofnanir nýttu sér það, m.a. Hafnarfjarðarbær.

Danska – æfing í talmáli á léttum nótum

Boðið var upp á dönskunám í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands, báðar annirnar. Starfsmennt greiddi þátttökugjöld sex félagsmanna á hvorri önn.

Fjarkennt tölvunám

Starfsmennt býður upp á tíu fjarkennd tölvunámskeið að hausti og vori. Námskeiðin eru: Grunnnámskeið, Outlook, PowerPoint, Myndvinnsla, Publisher, Word, Excel, Google og Hugarkort. Grunnurinn er 80 stundir en hin 26 stundir. Auk þess er boðið upp á aðgang að kennslumyndböndum fyrir fjölda Office forrita. Þátttaka var góð þó hún hafi farið jafnt og þétt minnkandi.

Ég og starfið

Ég og starfið, áður Framrás I, hefur verið í boði undanfarin ár. Námskeiðið er 36 stundir og var haldið hjá Endurmenntun háskólans báðar annirnar.

Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu

Þetta 32 stunda nám gefur þátttakendum yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Námið var haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands bæði á vor- og haustönn og var þátttaka góð. Haustnámskeiðið var fjarkennt beint í tölvur fyrir þá sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þetta er 60 stunda nám er ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þarf að búa yfir fjölbreyttri hæfni m.a. til að auðvelda framgang og yfirsýn verkefna. Námið sem er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands var bæði fjarkennt og kennt staðbundið á haustönninni og var þátttaka mjög góð.

Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur

Starfsmennt bauð félagsmönnum BSRB sem misst höfðu vinnuna tvö námskeið á árinu, annarsvegar um áhrif sjálfsmats á gæði samskipta og hinsvegar sjálfstyrkingarnámskeið. Félagsmenn innan BSRB sátu þessi þriggja stunda námskeiðið sem voru sérsniðin að markhópnum.

Rekspödur I og II

Rekspalarnámskeiðin eru hvort um sig 60 stundir og á þeim er fjallað vítt og breitt um einstaklinginn, stöðu hans, stefnu og samfélagslega uppbyggingu. Þau voru vel sótt og náðist að manna þau bæði en haustnámskeiðið var einnig fjarkennt.

Talsmaður breytinga

Þetta er 76 stunda nám þar sem áhersla er lögð á áhuga og ábyrgð starfsmanna á þróun vinnuumhverfis og hvernig innleiða megi breytingar og efla námsmenningu. Námskeiðið var kennt einu sinni á árinu.

Lífsbraut

Námsleiðin sem er 60 kennslustundir samanstendur af 11 námsþáttum. Gefið er fræðilegt yfirlit yfir valda málaflokka og þátttakendur hvattir til að taka þátt í umræðum til að skoða hvaða hugmyndir, lífstefnur og verðmæti hafa verið ráðandi og áhrifavaldar í eigin lífi. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var eitt námskeið haldið á árinu sem 32 manns sóttu.

Upplýsinga- og skjalastjórnun

Þetta námskeið er 10 stunda hnitmiðað nám þar sem farið er í meginhugmyndafræði skjalastjórnunar á opinberum gögnum. Fyrirhugað er að efla námið og tengja betur við rafræna skjölun, vistun og endurheimt. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var þátttaka góð báðar annirnar. Fimm tóku þátt í fjarnámi sem sent var beint í tölvur.

Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Þetta er 24 stunda nám þar sem þátttakendum er kynnt aðferðafræði verkefnastjórnunar. Markmiðið er að virkja starfsfólk til að taka þátt í þróun þekkingar með því að læra hvernig útfæra má hugmyndir frá upphafi til enda og halda utan um alla þræði verksins. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og gekk bæði staðbundin kennsla og fjarnám afar vel á árinu.

Þjónustustjórnun

Þjónustustjórnunarnámskeiðin eru haldin í samstarfi við Gerum betur ehf. og er annarsvegar um að ræða stutt fjarkennd námskeið og hinsvegar lengra staðbundið nám. Á árinu voru námskeiðin uppfærð og skipulagi breytt þannig að sérhæfing var aukin í fjarkenndu námskeiðunum og eftirfylgd námskeiða innan stofnana eflað. Tvö tíu stunda námskeið eru fjarkennd, , 40 góð ráð í þjónustu og þjónustustjórnun. 30 manns sóttu námið. Stofnanir nýttu sér sérsniðna nálgun fyrir starfsmenn sína s.s. Fjármálaeftirlitið og Ríkisskattstjóri.

Ráðgjöf og þróunarverkefni

Á árinu var ráðgjafasvið setursins eftt með ráðningu nýs mannauðssérfræðings. Skerpt var á áherslum þjónustunnar og nýjar nálganir þróaðar t.d. klasafundir, gerð starfsþróunaráætlana og eftirfylgd ráðgjafaverkefna. Mannauðsþjónusta setursins hefur færst í auknu mæli til starfsmanna setursins sem vinna með stofnunum að mannauðstengdum verkefnum en nýta einnig aðkeypta sérfræðiþekkingu. Einnig hefur samstarf við sjóði aukist þannig að kostnaður verkefna skiptist hlutfallslega á milli aðila. Helstu viðfangsefni eru vinnustaðagreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, uppsetning stofnananáms, hæfnigreiningar starfa, starfsþróunaráætlanir og aðstoð við gerð mannauðsstefnu. Þá hafa ráðgjafarnir einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala og komið að margskonar styttri fræðslu og vinnudögum innan stofnana. Kynningarstarf var ekki nógu hnitmiðað á árinu og m.a. vegna ytri aðstæðna dróst að setja upp nýja þjónustu eins og klasafundi. Setrið hefur ekki náð eyrum stjórnenda sem skyldi, og ekki náð að aðstoða stofnanir sem skora lágt í könnun um Stofnun ársins, nægilega. Fyrirhugað er að nálgast stofnanir á persónulegri máta en áður og endurhugsa áherslur ráðgjafarinnar. Á árinu voru eftirtalin ráðgjafaverkefni unnin:

Héraðsdómur Reykjavíkur

Ráðgjafi að láni gerði, í samvinnu við Héraðsdóm Reykjavíkur, úttekt og greiningu á orsökum aukinnar veikindafjarveru starfsfólks. Markmiðið var að kortleggja vandann og setja fram tillögur að úrbótum í kjölfarið. Gerð var vinnustaðagreining í þeim tilgangi að afla upplýsinga um starfsaðstæður starfsmanna Héraðsdóms og nýta þær til undirbúnings aðgerðaráætlunar, hvað mætti bæta og hvað væri vel gert. Starfsmennt sá um undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu vinnustaðagreiningarinnar og setti fram tillögur að úrbótaáætlun fyrir Héraðsdóm.

Landsbókasafn

Ráðgjafar Starfsmenntar hæfnigreindu störf fjögurra sviða Landsbókasafnsins, þ.e. kortlögðu þá hæfni sem starfsfólk sviðanna þarf að búa yfir til að sinna störfum sínum á árangursríkan hátt. Auk þess voru dregnir fram þeir hæfniþættir sem voru sameiginlegir sviðunum fjórum. Á grundvelli hæfnigreininganna var sett fram starfsþróunaráætlun fyrir safnið í heild og forgangsraðað hvaða fræðslu leggja skuli áherslu á, í framtíðinni. Sett voru fram drög að námskeiðslýsingum og fyrstu námskeiðin sett upp á vef Starfsmenntar.

Tollstjóri

Ráðgjafar Starfsmenntar hæfnigreindu þrjú störf hjá Tollstjóra. Greiningarvinnan var liður í viðamiklu starfi Starfsmenntar fyrir Tollstjóra árið á undan, en þá voru hæfnigreind önnur störf embættisins. Meginmarkmiðið var að nýta kortlagningu og skilgreiningar á hæfni starfanna til grundvallar skipulagningar starfsþróunar- og fræðslumála.

Þjóðskrá

Ráðgjafar Starfsmenntar hæfnigreindu ellefu störf hjá Þjóðskrá Íslands, út frá stefnu og markmiðum stofnunarinnar. Greiningarvinnan var viðamikil og markmiðið að Þjóðskrá Íslands gæti m.a. nýtt hæfnigreiningarnar til að sjá hvaða hæfniþættir væru sameiginlegir störfum stofnunarinnar, auk þess að nýta þær í starfsþróunarsamtölum starfsmanna og til að skipuleggja starfsþróun og fræðslu.

Raunfærnimat rannsóknartækna

Á árinu fór af stað verkefnið „Raunfærnimat rannsóknartækna“. Verkefnið er hluti af verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“ sem styrkt er af Evrópusambandinu og boðið var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Verkefnið felst í greiningu hæfniviðmiða og undirbúningi og framkvæmd raunfærnimats fyrir rannsóknartækna á lyfja- og heilbrigðissviði. Markmiðið er að 20 þátttakendur, sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslunnar, ljúki raunfærnimatsferlinu. Á árinu greindu ráðgjafar Starfsmenntar hæfniviðið fyrir starfið og útbjuggu gátlista og verkfæri/matstæki. Verkefnið var unnið með Landspítala og Actavis.

Vinnustaðaheimsóknir

Farið var í vinnustaðaheimsóknir til nokkurra stofnana um vorið og rætt við stjórnendur, forstöðumenn og starfsmannastjóra. Markmiðið var að fá skýrari mynd af helstu áskorunum á sviði mannauðsstjórnunar og ræða hvernig móta mætti þjónustu Starfsmenntar til þess að mæta þörfum þeirra sem best. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og tillögur Starfsmenntar bornar undir viðmælendur og skýrslu skilað inn til stjórnar setursins.

Hæfnilíkan Starfsmenntar

Ráðgjafar Starfsmenntar hafa á árinu unnið töluvert að þróun hæfnilíkans Starfsmenntar. Hæfnilíkanið er verkfæri sem notað er til að kortleggja og skilgreina hæfni starfa, þ.e. þekkingu, færni, kunnáttu og persónulega eiginleika sem starfsmenn þurfa að búa yfir til að gegna ákveðnum störfum á árangursríkan hátt. Hæfnilíkanið inniheldur fjölda hæfnipáttanna og skilgreiningar á þeim. Markmið Starfsmenntar er að þróa verkfæri sem er einfalt, sveigjanlegt og aðgengilegt stofnunum. Þessi vinna við að kortleggja og skilgreina hæfni starfa nýtist ekki eingöngu stofnunum sjálfum heldur einnig til að fá skýrari mynd af því hvaða hæfni er mikilvæg störfum innan stjórnsýslunnar. Hæfnigreiningar nýtast einnig stofnunum með margvíslegum hætti og sem grunnur að öðrum mannauðstengdum verkefnum, s.s. við gerð starfsþróunaráætlana stofnana og einstakra starfsmanna, við ráðningar og frammistöðumat.

Jafnlaunastaðall

Ráðgjafar Starfsmenntar tóku þátt í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals (ÍST: 85:2012). Verkefninu er stýrt af sérfræðingum fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samstarfi við aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Markmið jafnlaunastaðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað. Stefnan er að allar ríkisstofnanir, sveitarfélög og sem flest einkafyrirtæki innleiði staðalinn. Starfsmennt mun stýra undirbúningi og framkvæmd námskeiða fyrir starfsmenn stofnana og fyrirtækja í tengslum við innleiðingu staðalsins og tryggja að fræðsla um jafnlaunakerfi, jafnlaunastaðal og vottun sé aðgengileg. Fyrir utan að taka þátt í tilraunhópi skrifuðu starfsmenn setursins námskrá verkefnisins og héldu utan um þróun stoðgagna.

Íslenskur hæfniramma menntunar og starfa

Framundan eru skipulagsbreytingar á framsetningu alls náms þar sem námi er raðað á þrep til að samræma menntakerfi í Evrópu og auðvelda samanburð, gagnsæi og hreyfanleika fólks. Íslenskur hæfniramma menntunar verður gefinn út árið 2015 og er gert ráð fyrir að setja meggi alla menntun þar inn, bæði formlega og óformlega, sem og þær hæfniröfur sem gerðar eru til starfa. Framsetning með þessum hætti getur aukið skýrleika í starfsþróunarleiðum þar sem mat á raunverulegri hæfni fullorðins fólks á vinnumarkaði er metin sem skyldi. Starfsmennt hefur tekið virkan þátt í umræðum og vinnuhópum fjölmargra aðila sem koma að námi með það fyrir augum að íslenski hæfniramminn nýtist starfsfólki og starfþróun þeirra.

Starfsþróunaráætlanir

Ráðgjafar Starfsmenntar hafa á árinu einblínt á að þróa frekar hugmyndafræði og verklag að baki ráðgjafar um starfsþróunaráætlanir stofnana, en mikil áhersla hefur verið á að skipuleggja starfsþróunarmál hjá samstarfsstofnunum setursins. Verklag og áherslur voru þróaðar á árinu.

Skrifstofustörf í opinberri stjórnsýslu

Starfsmennt hefur tekið þátt í innlendu og erlendu samstarfsverkefni um einstaklingsmat á almennri færni skrifstofufólks og sérfræðinga innan stjórnsýslu. Sett var upp rafrænt matstæki með hæfniviðmiðum sem greind hafa verið sem mikilvæg í skrifstofustörfum. Sammælt var um helstu hæfnisþætti og þeir prófaðir. Einnig var sett upp rafrænt matstæki innan evrópsks verkefnis og mun það verða þróað áfram og sett upp á nýjum vef Starfsmenntar.

Fríhöfnin og ISAVIA

Starfsfólk á Keflavíkurflugvelli fékk ráðgjafa að láni til að vinna að gerð þjónustustefnu og þjónustumeningar. Gerum betur ehf. vann verkefnið sem samanstóð af stefnumótunarvinnu, vinnusmiðjum, fræðslu og útgáfu þjónustustefnu.

Önnur raunfærnimatsverkefni

Starfsmennt vann að tveimur öðrum raunfærnimatsverkefnum á árinu með styrk frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Raunfærnimati inn á félagsliðabraut lauk en þátttaka var ekki eins góð og gert hafði verið ráð fyrir. Verkefnið var unnið í samstarfi við Borgarholtsskóla og voru 13 einstaklingar metnir inn á félagsliðabraut. Síðara verkefnið var unnið innan IPA- verkefnis Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þar sem tanntæknar fengu starfsreynslu metna inn á tanntæknaþraut Fjölbrautaskólans í Ármúla. Starfsmennt sótti um styrk til verkefnisins sem fékk mjög góðar viðtökur og var þátttaka langt fram úr væntingum og áhugi það mikill að fyrirsjáanlegt er að sækja þurfi um viðbótarfjármagn.


Nýr námsvefur Starfsmenntar

Unnið var að uppsetningu og þróun nýrrar vefsíðu fyrir Starfsmennt þar sem fyrri hýsingaraðili hætti störfum. Um var að ræða vefsíðu setursins og uppfærðan innri námskeiðavef sem ætlað var að halda jafnvel utan um námskeið setursins ásamt því að taka á öllum helstu nýjungum í fjarvinnslu náms. Gerð var ítarleg kröfugerð um virkni vefjanna og fjórum aðilum boðið að gera tilboð. Einungis tveir aðilar gerðu tilboð og var ákveðið að ganga til samtarfs við Advania um gerð vefjarins. Þróunarvinnan fór fram allt árið.


Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf stóð félagsmönnum stéttarfélaganna innan heildarsamtaka BSRB til boða og var fjöldi viðtala á árinu svipaður og árið á undan eða 189 viðtöl. Árið 2013 voru viðtölin 185 og árið þar á undan 294. Viðtölin og námsráðgjafþjónustan er styrkt með framlagi frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en helmingur ráðþega Starfsmenntar hefur meiri menntun að baki en markhópur framhaldsfræðslunnar. Tæplega 90% ráðþega eru konur og aldursdreifing er jafnari en oft áður. Tæplega 40% eru undir fertugu og 27% eldri en 55 ára. Tæplega 80% allra ráðþega eru félagsmenn í SFR og tæplega 60% voru í atvinnuleit. Um 40% ráðþega voru í starfi. Áhugasviðspróf voru algengasta ástæða komu en einnig aðstoðaði ráðgjafinn fólk við gerð ferilskrár og benti á nám eða önnur úrræði sem líkleg voru til að auka þátttöku og ánægju með stefnu í lífi og starfi.

Stéttarfélag



Staða á vinnumarkaði



Lokaorð

Starfsárið 2014 einkenndist af fjölgun verkefna og umsvifamesta rekstri frá upphafi. Sú staða var fyrirséð m.a. vegna fjölgunar á mannauðssviði setursins og þróunarvinnu í kringum nýtt rafrænt námskerfi. Framkvæmd náms gekk vel á árinu en ýmis teikn eru á lofti sem greina þarf betur og bregðast við. Breyting varð á milli ára hvað varðar þátttöku í námi. Skráningar voru aðeins færri en árið á undan sem skýrist að hluta af því að fleiri skrá sig í lengra nám en á stutt námskeið. Þá jókst þátttaka á almennum námskeiðum meira en gert hafði verið ráð fyrir, en dróst saman í stofnananámi. Margar stofnanir halda tryggð við Starfsmennt og fara með sérsniðin námskeið þar í gegn, meðan aðrar stofnanir drógu úr þátttöku. Ástæður voru ýmist að búið var að kenna allt nám úr námskrám, ekki var áhugi til að halda áfram og uppfæra nám eða álag og óvissa einkenndi starfsemina. Biðstaða vegna kjarasamningsgerðar hefur áhrif á þátttöku í nám og í ljós kom í vinnustaðarheimsóknum að stjórnendur voru óvissir með hvaða þjónustu þeir gætu sótt til Starfsmenntar. Betri aðgangur að styrkjum til mannauðsverkefna hjá ýmsum sjóðum aðila á vinnumarkaði veldur því að stofnanir semja beint við einyrkja og verktaka en þurfa ekki að nýta setrið sem millilið og framkvæmdaraðila.

Sú fjölbreytni er af hinu góða og því þróaði setrið markvisst nokkra mannauðstengda þjónustuliði á árinu með samstarfsstofnunum og afhenti þeim verkfæri og þekkingu sem treystir grunn mannauðsstjórnunar og námsmenningar. Öll verkefni gengu vel en hefðu mátt vera fleiri. Ná þarf betur til stjórnenda með persónulegra kynningarstarfi, markvissum vinnustaðarheimsóknum og samþættingu verkefna við fræðslu, ráðgjöf og skráningu þekkingarbókhalds. Helstu ráðgjafaverkefni voru hæfnigreiningar starfa, uppsetning starfsþróunaráætlana, stefnumótun mannauðs og vinnustaðargreiningar. Þá voru greindar fræðsluþarfir innan stofnana, meðal starfshópa og í þverfaglegu starfi m.a. í kringum bókunarvinnu kjarasamninga og velferðarmál. Setrið tók að sér viðamikla þróunarvinnu um innleiðingu jafnlaunastaðals og forvarna tengda fræðslu um vaktavinnu. Byrjað var að endurskoða nám og námskrár á árinu og horft til fyrirsjáanlegra breytinga á fyrirkomulagi menntunar. Framundan eru skipulags- og kerfisbreytingar sem munu varða starfstengda símenntun með innleiðingu íslenska hæfnirammans og tengingu við fullorðinsfræðslu, störf og starfshæfni. Starfsmennt hefur tekið þátt í þeirri þróun og unnið að því að skipuleggja rammann, leita leiða til að setja námskeið á þrep, tryggja mat á færni starfsfólks og yfirfærslu náms á milli kerfa.

Verkefnastaða í árslok sýnir að starfsemi setursins er í góðum farvegi og hefur fest sig í sessi. Hinsvegar þarf að leita leiða til að ná til fleiri stofnana og þátttakenda með nýjum námstilboðum og ráðgjöf. Framundan er endurskoðun á stefnunni og þjónustunni og til þess að þær breytingar takist sem best þarf að afla nýrrar þekkingar, líta út á við og læra af öðrum. Nýr námsvefur Starfsmenntar felur í sér marga vaxtarsprotu sem auka skýrleika í framsetningu náms og í utanumhaldi þekkingar. Vefurinn hentar starfsfólki, stjórnendum, sérfræðingum og fræðsluaðilum og hefur alla burði til að efla námsmenningu samhliða annarri styrkja- og stoðþjónustu. Til þess að starfsmenn geti sinnt störfum sínum sem best og tekist á við breytingar, auknar kröfur og tileinkað sér nýjungar þarf aðgangur að heildstæðu, sveigjanlegu námi sem mætir þörfum starfsfólks og stjórnenda að vera fyrir hendi. Og til þess að efla skýrleika í utanumhaldi mannauðs hjá ríkinu þarf skýra stefnu og umboð til athafna. Starfsmennt byggir á langri reynslu af faglegri nálgun í námi og ráðgjöf og getur því áfram verið leiðandi og framsækið afl sem styður við menntun, breytingar og þróun starfa hjá stofnunum.

Skráningar á námskeið 2014


Námskeið	Dagsetning	Fjöldi	Kst.
40 góð ráð í þjónustu - Fjarkennt	22.9.2014	14	10
40 góð ráð í þjónustu - Fjarkennt	20.10.2014	9	10
Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	17.2.2014	6	19,5
Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	15.9.2014	6	19,5
Danska II	20.10.2014	7	19,5
Enska - Framhaldsnámskeið - Akureyri	1.4.2014	1	16
Enska - Talnámskeið fyrir konur - Akureyri	1.10.2014	2	16
Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	27.1.2014	11	20
Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	22.9.2014	11	20
Enska fyrir atvinnulífið - talmál fyrir byrjendur - Ísafjörður	17.11.2014	1	24
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Suðurland	14.10.2014	1	18
Ég og starfið	11.3.2014	21	36
Ég og starfið	13.10.2014	13	36
Ég og starfið - fjarkennt Blönduós	11.3.2014	7	36
Ég og starfið - fjarkennt út á land	13.10.2014	3	36
Félags- og tómstundabré - BHS	Vor/haust	10	ein
Félagsliðabré - BHS	Vor	48	ein
Félagsliðabré BHS	Haust	41	ein
Félagsliðabré - MSS	Vor	13	ein
Félagsliðabré Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Haust	9	ein
Félagsliðar - viðbótarnám	Vor og haust	18	ein
Félagsliðar símenntunarnámskeið: Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - fjarkennt	Vor	14	4
Fjármálaeftirlitið - Þjónustunámskeið	18.11.2014	13	10
Fjármálaeftirlitið - Þjónustunámskeið - fjarkennt	18.11.2014	14	10
Forystufræðslan - Danska fyrir starfsfólk stéttarfélag	19.3.2014	8	12
Forystufræðslan - Karphúsið og kjarasamningar - Akureyri	31.5.2014	2	4
Forystufræðslan - Karphúsið og kjarasamningar - Ísafjörður	31.5.2014	2	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Akureyri	31.5.2014	2	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Ísafjörður	31.5.2014	3	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Reykjavík	14.3.2014	11	4
Forystufræðslan - Mótun og miðlun upplýsinga - Ísafjörður	31.5.2014	2	6
Forystufræðslan - Mótun og miðlun upplýsinga - Reykjavík	13.3.2014	10	6
Forystufræðslan - Samningatækni - Akureyri	31.5.2014	2	8
Forystufræðslan - Samningatækni - Ísafjörður	31.5.2014	2	8
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Akureyri	31.5.2014	2	9

Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Ísafjörður	31.5.2014	3	9
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Reykjavík	12.3.2014	12	9
Forystufræðslan - Verkefnastjórnun	12.12.2014	21	24
Forystufræðslan - Verkefnastjórnun	21.11.2014	13	24
Forystufræðslan - Þjónustunámskeið - Akureyri	31.5.2014	2	4
Forystufræðslan - Þjónustunámskeið - Ísafjörður	31.5.2014	2	4
Fríhafnarskólinn - Gildin, þjónustuloforð og vinnumenningin okkar - Dagvakt	7.1.2014	24	40
Fríhafnarskólinn - Gildin, þjónustuloforð og vinnumenningin okkar - Vakt A1	7.1.2014	33	40
Fríhafnarskólinn - Gildin, þjónustuloforð og vinnumenningin okkar - Vakt A2	7.1.2014	19	40
Fríhafnarskólinn - Gildin, þjónustuloforð og vinnumenningin okkar - Vakt B1	9.1.2014	19	40
Fríhafnarskólinn - Gildin, þjónustuloforð og vinnumenningin okkar - Vakt B2	9.1.2014	18	40
Fríhafnarskólinn - Tölvur - framhaldsnám - Dagvakt	18.3.2014	18	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - framhaldsnám - Vakt A1	18.3.2014	21	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - framhaldsnám - Vakt A2	27.2.2014	14	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - framhaldsnám - Vakt B1	20.3.2014	22	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - framhaldsnám - Vakt B2	25.2.2014	18	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Dagvakt	25.2.2014	12	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Vakt A1	27.2.2014	16	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Vakt A1 og Vakt A2	27.2.2014	4	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Vakt A2	27.2.2014	6	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Vakt B1	25.2.2014	9	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur - grunnnám - Vakt B2	25.2.2014	14	12
Fríhafnarskólinn - Tölvur grunnnám - Vakt B1 og Vakt B2	25.2.2014	12	12
Góð ráð í tölvupóstsamskiptum - Fjarkennt	22.9.2014	4	10
Góð ráð í tölvupóstsamskiptum - Fjarkennt	20.10.2014	9	10
Heilbrigðisritarbrú - FÁ	Vor/haust	3	ein
Isavia/Fríhöfn – Heilsuefling og vellíðan í starfi	14.11.2014	18	10
Járnsíða - Reglur um ökuskírteini	8.5.2014	31	14
Kópavogsbær - Krefjandi samskipti	25.2.2014	28	4
Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur	8.1.2014	28	4
Launaskólinn - Þema II - Vinnutími og afgreiðsla launa - Grunnnámskeið	3.2.2014	23	16
Launaskólinn - Þema II - Starfsfólk skóla - sérstakir launaútreikningar	11.2.2014	13	8
Launaskólinn - Þema II - Vaktavinna, bakvaktir og afbrigðilegur vinnutími	10.2.2014	21	8
Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar fjarvistir	13.10.2014	14	14
Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar fjarvistir - fjarkennt	13.10.2014	11	14
Lífsbraut - fjarkennt út á land	3.11.2014	1	60
Lífsbraut - Þekkingarbrot um líf einstaklinga, þróun samfélaga og söguleg áhrif	3.11.2014	32	60

Lögreglan - Starfsandi og samstarfsvilji	17.11.2014	13	4
Markaðssetning vöru og þjónustu - Akureyri	12.2.2014	4	36
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	24.2.2014	3	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - fjarkennt út á land	27.10.2014	1	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Ísafjörður	24.2.2014	1	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Selfoss	24.2.2014	1	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Reykjavík	27.10.2014	43	60
Nám í mannauðsstjórnun - fjarkennt út á land	13.11.2014	6	32
Nám í mannauðsstjórnun - Reykjavík	13.11.2014	40	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	8.5.2014	18	32
Nýr vettvangur: Áhrif sjálfsmats á gæði samskipta	1.11.2014	15	4
Rekspölur 1	14.11.2014	15	60
Rekspölur 1 - fjarkennt út á land	14.11.2014	4	60
Rekspölur 2	4.4.2014	15	60
Sjálfstyrkingarnámskeið: Raunfærnimat félagsliða og tanntækna	6.9.2014	27	4
Sjúkratryggingar Íslands - Þjónustu- og streitustjórnun	21.5.2014	31	12
Sjúkratryggingar Íslands - Þjónustu- og streitustjórnun	23.5.2014	39	12
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 1. önn	17.1.2014	6	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 1. önn	6.9.2014	5	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 2. önn	17.1.2014	13	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 2. önn	6.9.2014	8	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn	17.1.2014	2	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn	6.9.2014	6	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (Raunfærnimat)	6.9.2014	1	0
Skrifstofubraut I Staðbundið nám -1. önn	25.8.2014	1	150
Skrifstofubraut II í fjarnám 1. - 3. önn	17.1.2014	9	150
Skrifstofubraut II í fjarnám 1. - 3. önn	6.9.2014	5	150
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	7.10.2014	13	84
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	27.1.2014	22	162
Sýslumaðurinn á Blöndósi - Starfsandi og samstarfsvilji	19.11.2014	21	6
Talsmaður breytinga - hugmyndasmiður á vinnustað	31.10.2014	23	76
Talsmaður breytinga - hugmyndasmiður á vinnustað - fjarkennt út á land	31.10.2014	1	76
Tanntæknar - Sjálfstyrking	15.9.2014	17	
Tollstjóri - Að takast á við erfiða viðskiptavini	7.1.2014	11	8
Tollstjóri - Að takast á við erfiða viðskiptavini	21.1.2014	16	8
Tollstjóri - Hagnýt meðferð tölulegra upplýsinga	4.2.2014	13	8
Tollstjóri - Hagnýt meðferð tölulegra upplýsinga	18.2.2014	14	8

Tollstjóri - Svörun erinda	4.3.2014	14	8
Tollstjóri - Svörun erinda	18.3.2014	17	8
Tollstjóri – Persónuleg markmiðasetning	15.4.2015	13	4
Tryggingastofnun - Samvinna og samskipti	4.6.2014	14	4
Tryggingastofnun - Taktu ekki vinnuna með þér heim	14.2.2014	8	4
Tryggingastofnun - Tölvupóstur, símaþjónusta og viðskiptavinir	14.2.2014	10	8
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.2.2014	8	-
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	4.3.2014	6	-
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.10.2014	8	-
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.11.2014	6	-
Tölvur - Excel frh.	5.3.2014	30	26
Tölvur - Excel frh.	14.10.2014	24	26
Tölvur - Fjársjóður Google	25.3.2014	22	26
Tölvur - Fjársjóður Google	4.11.2014	20	26
Tölvur - Grunnám	11.2.2014	29	80
Tölvur - Grunnám	30.9.2014	14	80
Tölvur - Hugarkort	15.4.2014	22	26
Tölvur - Hugarkort	25.11.2014	8	26
Tölvur - Myndvinnsla og myndavélar	25.3.2014	59	26
Tölvur - Myndvinnsla og myndavélar	4.11.2014	38	26
Tölvur - Outlook	11.2.2014	21	26
Tölvur - Outlook	30.9.2014	6	26
Tölvur - PowerPoint	5.3.2014	8	26
Tölvur - PowerPoint	14.10.2014	6	26
Tölvur - Publisher	25.3.2014	13	26
Tölvur - Publisher	18.11.2014	16	26
Tölvur - Word frh.	15.4.2014	10	26
Tölvur - Word frh.	25.11.2014	6	26
Upplýsinga- og skjalastjórn	8.5.2014	19	8
Upplýsinga- og skjalastjórn	24.11.2014	38	8
Upplýsinga og skjalastjórn - fjarkennt út á land	24.11.2014	5	8
Verkefnastjórnun - vinnulag sem virkar - fjarkennt út á land	14.10.2014	2	24
Verkefnastjórnun - vinnulag sem virkar	11.2.2014	37	24
Verkefnastjórnun - vinnulag sem virkar	14.10.2014	12	24
Verkefnastjórnun - vinnulag sem virkar – fjarnám - Selfoss	11.2.2014	1	24
Viðurkenndur bókarí - EHÍ, kennt um helgar	8.8.2014	15	ein
Viðurkenndur bókarí - MK, kennt á virkum dögum	6.8.2014	6	ein

Viðurkenndur bókarari - Opni háskólinn í HR - fjarnám	6.8.2014	11	ein
Vinnumálastofnun - Stjórnun streitu og álags	9.4.2014	23	4
Vinnumálastofnun - Stjórnun streitu og álags - Skagaströnd	4.4.2014	17	4
Vísdomur - Íslenska og heilsuefling	17.11.2014	24	8
Vísdomur - Lögfræði III gjaldþrotaskipti og aðfararbeiðnir	12.3.2014	17	4
Vísdomur - Lögfræði IV - gjaldþrotaskipti og aðrar tegundir dómsmála	2.4.2014	11	4
Vísdomur - Meðferð sakamála - Reykjavík	14.1.2014	15	4
Vísdomur - Skjalastjórnun	5.5.2014	23	4
Þjóðskrá - Að veita framúrskarandi þjónustu	27.3.2014	30	4
Þjóðskrá - Að veita framúrskarandi þjónustu	28.3.2014	24	4
Þjóðskrá - Að veita framúrskarandi þjónustu	3.4.2014	31	4
Þjónustustjórnun - Fjarkennt	5.3.2014	5	6
Próttur - Samskipti, vinnumhverfi og vellíðan - Akureyri	27.5.2014	13	18
Próttur - Samskipti, vinnumhverfi og vellíðan - Akureyri	2.6.2014	13	18
Próttur - Öryggi, forgangur og fagleg nálgun - Akureyri	27.10.2014	10	24
Próttur - Öryggi, forgangur og fagleg nálgun - Akureyri	5.11.2014	11	24
Samtals		2271	



símenntun ber ávöxt